



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

599. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. febrúar 2025
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Framhald af umræðum 597. fundar. Á þeim fundi var ákveðið að að sóknaráætlun yrði tekin til endanlegrar umræðu og afgreiðslu á næsta fundi stjórnar. Var framkvæmdastjóra þá falið að vinna áfram að forgangsörðun verkefna til samræmis við umræður fundarins og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

Fyrirliggjandi eru drög að sóknaráætlun 2025-2029 ásamt tillögu að forgangsörðun áhersluverkefna sóknaráætlunar 2025. Lagt er til að áætlunin verði samþykkt. Þá kynnir framkvæmdastjóri fyrirliggjandi tillögur að áhersluverkefnum ársins 2025.

Niðurstaða:

Umræður. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029 er samþykkt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka vinnslu tillagna um áhersluverkefni sóknaráætlunar með tilliti til umræðna fundarins og leggja þær fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

2. Samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi - 1903001

Framhald af umræðum 595. fundar. Þá var framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir á vettvangi skólamálanefndar SSH. Í framhaldi af þeim fundi var ákveðið að gera tillögu að sóknaráætlunarverkefni, sem felist í því að greina fýsileika þess að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eigi samstarf um uppbyggingu sérskóla í samstarfi við ríkið.

Niðurstaða:

Umræður. Fyrirliggjandi tillaga að áhersluverkefni sóknaráætlunar er samþykkt með fyrirvara um breytingar til samræmis við umræður fundarins.

3. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Framhald frá umræðum 598. fundar. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna.

Niðurstaða:

Umræður. Boðað verði til fundar stefnuráðs föstudaginn 21. febrúar kl. 13:00 til kynningar á stöðu verkefnisins.

4. Umsagnir þingmála - 1910005

Umsagnarbeiðni innviðaráðuneytisins vegna áforma um breytingu á sveitarstjórnarlögum, hvað varðar ákvæði 129. gr. um mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélögin, hefur verið birt á samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur er til og með 17. febrúar. Tilefni áformanna er m.a. gagnrýni sveitarfélaga um að dæmi séu um að kostnaðarmat af þessu tagi séu ekki framkvæmd, matið sé oft ekki fullnægjandi, óljóst sé hvenær leita eigi umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvernig leyst skuli úr ágreiningi.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH um málið.

Niðurstaða:

Samþykkt.

5. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 49. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 28. nóvember 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 50. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 30. janúar 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 426. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 30. janúar 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

7. Önnur mál - 2110011

Stefnt er að því að halda sameiginlegan fund með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins í kjördæmaviku þar sem áhersla verði lögð á velferðarmál og samstarf ríkis og sveitarfélaga innan þess málaflokks.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026